

1864.

6. júlí.

**58. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lækkun á landskuld af Undirhrauni.**

Í bréfi 18. dag marzm. þ. á. hafði þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að Sveinn Sveinsson, ábúandi á fjórða partinum af jörðinni Undirhrauni, er heyrir undir Kirkjubæjar klausturs umboð, hafi árið sem leið rífið öll húsin á jarðarparti þessum, og síðan flutt þau og byggt upp aptur á öðrum stað óhultari; hafði stjórnarráðið þegar í bréfi sínu 24. desemberm. 1858 heitið honum í þessu skyni eptirgjöf á eins árs landskuld; en með því flutningur húsanna hefir kostað ábúandann töluvert, bæði fè og vinnu, þá hafði þér lagt það til, að eptirgjöf þessi verði veitt honum í tvö ár, svo sem hann hafði beðið um og hlutaðeigandi umboðsmaður mælt með; hafði þér og getið þess, að landskuld þessi fyrir árin 1863—64 og 1864—65 sè aðeins að upphæð 3 rd. 12 sk. hvort árið, er hún sè 20 álnir, og 10 álnir þaraf borgaðar eptir meðalverði allra meðalverða, en 10 álnir með 8 sk. hver alin.

Í þessu efni skal yður til vitundur gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörði það, að dómsmálastjórnin veitir það, sem hér er um beðið, þó með því skilyrði, sem tiltekið er í bréfi stjórnarráðsins, dags. 24. desemberm. 1858, að það sè sannað með lögmætri skoðunargjörð, að hin nýju hús sèu óaðfínanlega byggð, og ber að senda stjórnarráðinu eptirrit af þeirri skoðunargjörð.

8. júlí.

**59. Konungsbref til stiptamtmannsins yfir Íslandi, til svars ávarpi frá embættismönnum og borgurum í Reykjavík útaf konungaskiptunum<sup>1</sup>.**

Kristján hinn Níundi o. s. frv. Vora einstaklega hylli!  
Dómsmálastjórnarráðgjafi Vor hefir fyrir Oss lagt þegnlegt ávarp,

<sup>1</sup>) Sjá Þjóðólf 16. ár, 37.—38. blað.